

## AUGLÝSING

234

31. des.

**um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febrúar 1939.**

### 1. gr.

Iðgjöld til iðntryggingarinnar skulu frá 1. janúar 1944 vera fimmföld þau gjöld, sem ákveðin voru í reglum nr. 222 21. febrúar 1939.

### 2. gr.

Iðgjöld til sjómannatryggingarinnar skulu vera kr. 12.00 fyrir hvern mann á viku frá og með 1. janúar 1944. Auk þess skal krafð sérstakt aukaiðgjald, kr. 65.00, fyrir hvern sjómann á skipum, er sigla milli landa, fyrir hverja ferð. Iðgjald fyrir bjargsig skulu vera hin sömu og ákveðin voru fyrir árið 1943.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt II. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 206 31. des. 1942.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1943.*

**Björn Þórðarson.**

Páll Pálmason.

## REIKNINGUR

235

**yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1942.**

### T e k j u r :

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr. 5085930.49
2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda:	
a. Innlög á árinu .....	kr. 202965.24
b. Vextir lagðir við höfuðstól .....	— 208937.35
c. Verðlaun úr Minningarsjóði Eiríks Briem ....	— 178.58
d. Verðlaun úr „Vaxtabæti“ Söfnunarsjóðsins ..	— 1799.41
	— 413880.58
3. Vextir af lánum .....	— 266011.25
4. Lántökugjöld, dráttarvextir, viðskiptabækur o. fl. ....	— 6183.24
5. Vextir 1942, geymdir til útborgunar .....	— 31582.60
6. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar .....	— 1627.02
7. Vaxtavísir útborgunard. nr. 205 .....	— 13.97
	Kr. 5805229.15

### G j ö l d :

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1942:	
a. Ársvextir 5% .....	kr. 238126.86
b. Dagvextir* 4,5% .....	— 2393.09
	kr. 240519.95
2. Kostnaður .....	— 20124.88
3. Vextir 1941, er biðu útborgunar .....	— 31060.59
	Flyt kr. 291705.42